

hvaða bækur haldnar séu í verzlunum, sem sam-
bærilegar eru verzlun ákærða.

Að öðru leyti ber rannsóknardómaranum að fram-
kvæma þá framhaldsrannsókn í málinu, sem skýrsla
endurskoðandans gefur tilefni til.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að framkvæma
framangreinda kvaðningu og afla umgetinna
skýrslna svo fljótt sem þess er kostur.

Laugardaginn 9. apríl 1938.

Nr. 21/1938. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Berent Karli Berentssyni
(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í hinum
áfrýjaða dómi, þykir mega staðfesta hann, þó með
þeirri breytingu, að refsing ákærða ákveðst 10 daga
fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 700 króna
sekt, sem afplánist með einföldu fangelsi í 30 daga,
ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu
dóms þessa.

Eftir þessum málalokum ber kærða að greiða all-
an kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti,
þar með talin máflutningslaun sækjanda og verj-
anda fyrir hæstarétti, kr. 50.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Berent Karl Berentsson, sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 700 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með 30 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 1. febr. 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Berent Karli Berentssyni, atvinnulausum verkamanni, til heimilis í Hafnarstræti 18 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengis-lögum nr. 33 9. janúar 1935. Kærður er kominn yfir lög-aldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærur og refsingum:

1922	$\frac{3}{8}$	Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1925	$\frac{2}{9}$	Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1927	$\frac{1}{4}$	Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1927	$\frac{2}{6}$	Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1928	$\frac{1}{4}$	Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930	$\frac{2}{6}$	Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930	$\frac{2}{9}$	Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1932	$\frac{3}{10}$	Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933	$\frac{2}{11}$	Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934	$\frac{1}{8}$	Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934	$\frac{1}{8}$	Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 1934 $3\frac{1}{8}$ Kærður fyrir fylliri og barsmíðar í heimahúsum. Ekki talin ástæða til málssóknar.
- 1934 $1\frac{1}{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1934 $\frac{6}{10}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1934 $2\frac{8}{10}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1934 $2\frac{7}{12}$ Sætt 75 kr. sekt og 75 kr. skaðabætur til lögreglunnar fyrir ölvun, ryskingar og mótþróa við lögregluna.
- 1935 $2\frac{3}{4}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Látið falla niður.
- 1935 $2\frac{8}{11}$ Sömuleiðis.
- 1935 $\frac{9}{8}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 $3\frac{0}{8}$ Sætt 30 kr. sekt fyrir ölvun og mótþróa við lögregluna.
- 1935 $1\frac{3}{8}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 $2\frac{1}{6}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 $\frac{9}{8}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 $1\frac{4}{11}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1936 $\frac{8}{2}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1936 $\frac{6}{8}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1936 $2\frac{2}{7}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1936 $\frac{1}{10}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937 $2\frac{6}{11}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937 $1\frac{8}{8}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937 $1\frac{4}{6}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 400 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu.

Að kvöldi föstudagsins 21. janúar s. l. komu á lögreglustöðina Finnbogi Rútur Kolbeinsson sjómaður, Nýlendingötu 19, og Halldór Benediktsson skipstjóri, Suðurgötu 26, og skýrðu frá því, að þeir hefðu kvöldið áður farið heim til kærðs. Er þeir höfðu hitt kærðan, bað sá fyrrnefndi hann að selja sér pela af whisky. Játaði kærður því og sótti síðan pelann og afhenti Finnboga Rút, sem greiddi um leið andvirði hans, kr. 10.00, en pelinn hafði kostað í útsölu Áfengisverzlunar ríkisins kr. 8,50. Fóru þeir Finnbogi Rútur og Halldór síðan á brott.

Þessa skýrslu hefir kærður játað rétta, og auk þessarar einstöku áfengissölu hefir hann játað að hafa selt áfengi frá síðastliðinni desemberbyrjun.

Hefir hann skýrt svo frá, að lítið hafi kveðið að áfengissölu þessari. Hafi hann selt hverja brennivinsflösku með

tveggja króna álagningu. Hefir hann ekki getað sagt um, hve mikinn ágóða hann hafi haft af áfengissölu þessari, en hann hafi varið honum fyrir áfengi handa sjálfum sér.

Með áfengissölu þessari hefir kærður gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaganna nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og 600 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 30 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Berent Karl Berentsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og greiði 600 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 9. apríl 1938.

Nr. 78/1937. **Jóhanna M. Pálsdóttir**

(Stefán Jóhann Stefánsson)

gegn

Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Um greiðslu sjúkrasamlagsgjalds fyrir framfærslustyrkþegja.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 14. ágúst f. á., hefir fengið